

## RAFORKUSALA - SKILMÁLAR

Sölu- og markaðssvið Orkuveitu Reykjavíkur, selur raforku í samræmi við Raforkulög nr. 65/2003, Reglugerð um framkvæmd raforkulaga nr. 1040/2005 og Reglugerð um raforkuviðskipti og mælingar nr. 1050/2004. Orkustofnun fer með umsjónarhlutverk um framkvæmd raforkulaga.

Sölu- og markaðssvið selur fyrirtækjum og heimilum raforku á sanngjörnu verði hvar á landinu sem er. Við leggjum mikla áherslu á að finna hagkvæmstu lausnirnar fyrir viðskiptavinum okkar sem taka mið af umfangi viðskipta og eðli starfseminnar.

### EFNISYFIRLIT

1. SKILGREININGAR
2. ALMENNT
3. SÖLUTAXTAR
4. VERÐSKRÁ
5. SÖLU- OG MARKAÐSSVIÐ ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

#### 1. Skilgreiningar

<b>Orkukaupandi:</b>	Kaupandi, sem kaupir raforku um einn eða fleiri mæla.
<b>Notkunarstaður:</b>	Staður þar sem dreifiveita afhendir raforku til kaupanda.
<b>Húsveita:</b>	Búnaður kaupanda sem tengist einum mæli.
<b>Kennitala mælistaðar:</b>	Hlaupandi talnakóði fyrir hvern mælistað (mæliverk) í raforkukerfinu.
<b>Mælibúnaður:</b>	Safnheiti yfir allan nauðsynlegan búnað til að mæla raforkunotkun.
<b>Sölumælir:</b>	Mælir sem notaður er til uppgjors á sölu raforku.
<b>Mælisnúmer:</b>	Sérstakt eigandanúmer raforkumælis eða raðnúmer á upplýsingaskildi mælis.
<b>kW:</b>	Mælieining afls (kílóvatt) lýsir hve mikil orka streymir á hverri tímaeiningu.
<b>Afltoppur:</b>	Mesta orkustreymi á tímaeiningu.
<b>kWh:</b>	Orkueining rafmagns (kílóvattstund = 1.000 vött)
<b>Ársnotkun:</b>	Fjöldi kWh sem notaðar eru á einu almanaksári (365 dögum).
<b>Tímamæling:</b>	Stöðugt mæld raforkunotkun í tímaeiningum (15 eða 60 mín.).
<b>Neyslubúnaður:</b>	Búnaður kaupanda (t.d. útilýsing) sem tengdur er á afltaxta (sjá 3.2).

#### 2. Almenn

Í Raforkulögum er raforkustarfsemi skipt í fjögur gildissvið;

1. Vinnslufyrirtæki
2. Söluvyrirtæki
3. Flutningsfyrirtæki
4. Dreifiveitufyrirtæki

Skilmálar þessir taka til sölu á raforku frá Sölu – og markaðssviði Orkuveitu Reykjavíkur sem söluvyrirtækis (2). Starfsemi Orkuveitu Reykjavíkur er bundin lögum um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur nr. 139/2001 og reglugerð um Orkuveitu Reykjavíkur nr. 297/2006.

Almennt má skipta raforkuviðskiptum orkukaupenda í tvo þætti;

- A. Starfsemi 1. Vinnslufyrirtæki og 2. Söluvyrirtæki (Orkuverð).
- B. Starfsemi 3. Flutningsfyrirtæki og 4. Dreifiveitufyrirtæki (Flutnings- og dreifingarverð).

Þáttur A; er samkeppnisstarfsemi og geta því allir raforkukaupendur samið um kaup á raforku af þeim raforkusala sem þeir kjósa, hvort heldur sem er til atvinnurekstrar, heimilisnotkunar eða annarra hluta. Orkuverð innifelur verð vinnslufyrirtækis og sölufyrirtækis.

Þáttur B; er bundinn sérleyfisstarfsemi, þ.e. flutningsfyrirtækinu Landsneti hf og svæðisbundnu dreifiveitufyrirtæki. Dreifiveitufyrirtæki ber ábyrgð á mælingu á orkunotkun kaupanda á veitusvæði sínu. Í því fellst uppsetning, rekstur og viðhald mælíbúnaðar, gagnasöfnun, leiðrétting, staðfesting mæligagna og dreifing þeirra til viðkomandi söluaðila. Starfsemi flutningsfyrirtækis og svæðisbundnu dreifiveitufyrirtæki er bundin skilmálum og verðskrá viðkomandi fyrirtækis, m.a. vegna kostnaðar við flutning og dreifingu á raforku svo og vegna álestra, útgáfu reikninga, mælingu á afli og orku til orkukaupanda.

Skilmálar þessir ná eingöngu til sölu á raforku frá Sölu – og markaðssviði Orkuveitu Reykjavíkur sem sölufyrirtækis, en samkvæmt lögum er sölufyrirtæki m.a. skylt að útvega raforku sem nauðsynleg er til að standa við orkusölusamninga. Söluverð raforku og þjónustu er samkvæmt gildandi verðskrá Orkuveitu Reykjavíkur hverju sinni.

### 3. Sölutaxtar

#### 3.1 Almenn raforkunotkun (taxti A1S)

Taxtinn gildir almennt fyrir notkun sem er að minni en 200.000 kWh. á ári. Orkuverð greiðist fyrir hverja orkuveiningu, kr/kWh.

##### 3.1.1 Skýringar

Kaupandi greiðir mánaðarlega fyrir notkun (kWh), byggða á áætlun, í 11 mánuði (áætlunarreikningar). Notkun er sannreynd u.þ.b. árlega (lesið af mæli). Þegar orkunotkun hefur verið sannreynd greiðir kaupandi fyrir notkun á tímabilinu milli álestra að frádregnum greiðslum fyrir áætlaða notkun (uppgjörreikningar).

#### 3.2 Afl og orkunotkun (Taxti B1S)

Taxtinn gildir almennt fyrir atvinnustarfsemi, notkun að lágmarki 30 kW afltopp. Taxtinn skiptist í tvo þætti;

- Orkuverð er greitt fyrir hverja kWh, mismunandi verð er fyrir sumar- og vetrarnotkun. Vetrarverð gildir á tímabilinu 1. janúar til 30. apríl og 1. október til 31. desember. Sumarverð gildir á tímabilinu frá 1. maí til 30. september.
- Aflverð er greitt fyrir hvert kW afltopps (kr/kW/dag). Afltoppur er reiknaður á ársgrundvelli (almanaksár) og greiðir kaupandi fyrir mesta meðalstreymi raforku (kW), mælt í 15 mínútur, á tímabilinu 1. janúar til 31. mars og frá 1. október til 31. desember (vetrartími).

##### 3.2.1 Skýringar

Orkunotkun á Aftaxta 100 kW og yfir er tímamæld. Þar sem orkunotkun á Aftaxta er undir 100 kW er lesið á mæla mánaðarlega. Kaupandi greiðir mánaðarlega fyrir orkunotkun (kWh) síðasta tímabils (mánuð) samkvæmt álestri. Auk þess greiðir hann inn á áætlaðan afltopp ársins (kW). Áætlunin byggir á hæsta afltoppi (mánaðartoppi) sem mælst hefur á tilgreindu tímabili, þó aldrei lægri afltopp en 30 kW. Hæsti mánaðartoppur tilgreinds tímabils er afltoppur ársins. Reynist mánaðartoppur hæri, en áætlaði afltoppur ársins, greiðir kaupandi mismuninn.

#### 3.3 Aflnotkun – rofin (taxti B21S)

Taxti B21 gildir fyrir alla rofna aflnotkun, þar með talda götulýsingu. Róftími er breytilegur og fylgir dagsbirtu.

- Aflnotkun (kr/kW/dag). Greitt er fyrir aflþörf neyslubúnaðar.

##### 3.3.1 Skýringar

Taxti B21S er eingöngu í boði þar sem svæðisbundin dreifiveita er með sambærilegan dreifingartaxta. Gert er ráð fyrir aflnotkun sé að jafnaði um 4.000 klst. á ári.

### 3.4 Afnotkun – órofin (taxti B22S)

Taxti B22S gildir fyrir alla órofna afnotkun (stöðuga notkun) t.d. umferðaljós.

- Afhverð (kr/kW/dag) er greitt fyrir aflþörf neyslubúnaðar.

Skýringar;

Taxti B22S er eingöngu í boði þar sem svæðisbundin dreifiveita er með sambærilegan dreifingartaxta.

### 3.5 Viðhaldsþjónusta - útilýsing (taxti B2S)

Taxti B2S gildir á þjónustuvæði Orkuveitu Reykjavíkur dreifingu og fer saman með taxa B21 Afnotkun – rofin.

- Viðhaldsverð (kr/kW/dag) er greitt miðað við aflþörf búnaðar sem er í þjónustu.

#### 3.5.1 Skýringar

Viðhaldsverð er vegna viðhalds og eftirlits á viðkomandi ljósbúnaði samkvæmt verklýsingu Framkvæmdasviðs Orkuveitunnar.

### 3.6 Tímaháð orkunotkun (taxti T1S)

Taxti T1S gildir fyrir tímaháða orkunotkun. Orkuverð tímataxta er háð tímasetningu orkunotkunar, breytilegt innan sólarhrings og eftir árstíðum. Orkuverð er skipt í þrjú verðþrep og greiðist fyrir hverja orkueiningu (kr./kWh);

- Lágverð gildistími: Október - apríl kl. 21:00 - 09:00, maí - september allan sólarhringinn
- Miðverð gildistími: Nóvember - febrúar virkir dagar kl. 13:00-17:00. Nóvember - febrúar frídagar\* kl. 09:00-21:00 og október, mars og apríl - kl. 09:00 - 21:00.
- Háverð gildistími: Nóvember - febrúar virkir dagar kl. 09:00 - 13:00 og 17:00 - 21:00. Aðfangadagur og gamlársgdagur kl 09:00 - 13:00 og 17:00 - 21:00.

\* Aðfangadagur og gamlársgdagur teljast ekki til þessara frídaga og eru meðhöndlaðir eins og virkir dagar í desember.

Skýringar;

Sala rafmagns samkvæmt tímátöxtum skal vera tímamæld og fjarlesin. Öll notkun á afhendingarstað skal seld skv. tímataxta og ekki hægt að skipta notkun á aðra taxa.

### 3.7 Ótryggð orkunotkun

Almennir skilmálar Landsvirkjunar gilda um sölu á ótryggðu rafmagni (sjá [www.lv.is](http://www.lv.is)) .

## 4. Verðskrá

Orkuverð og þjónustugjöld Sölu- og markaðssviðs Orkuveitu Reykjavíkur eru samkvæmt verðskrá Orkuveitu Reykjavíkur á hverjum tíma. Orkuverðið innifelur eingöngu verð á söluhluta raforkunnar, lið 2.1 og 2.2, í skilmála þessum.